

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavíkurborg

Borgatúni 12-14

105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. júní 2015
UST201505-118/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - lýsingar – Breiðholt

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að hverfaskipulagi fyrir Breiðholt.

Hverfisskipulag

Í inngangi kemur fram að hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir gróin hverfi og felst verkefnið við gerð þess að stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum úrlausnum fyrir hverfið í heild sinni.


Elliðaárdalur


Í ofangreindri lýsingu kemur fram að Elliðaárdalur er eitt mest sóttu útivistarsvæði í borginni. Einnig kemur fram að stefnt er að afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Elliðaárna og nánasta umhverfi þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að Elliðaárdalur er svæði nr. 124 á náttúruminjaskrá, en í skránni eru svæði sem mikilvægt þykir að vernda og í skránni er svæðinu svo lýst: „*Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að friðlýsa svo fjölbreytt og þýðingarmikið útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa. Stofnunin bendir á að mögulegt er að ná fram jafnvægi milli verndunar og nýtingar svæðisins til útivistar með friðlýsingu.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er gerð hverfisskipulags ofangreindra hverfa ásamt þeirri viðleitni að stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum úrlausnum til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri